

Fjallabyggð



Reglur um snjómokstur í Fjallabyggð

Snjómokstur og hálkueyðing.

Markmið með snjómokstri og hálkueyðingu er að minnka þau óþægindi sem snjór og ís valda einstaklingum, fyrirtækjum og skólahaldi.

Framkvæmdaaðili snjómoksturs f.h. sveitarfélagsins er bæjarverkstjóri sem skipuleggur hann í samráði við sviðsstjóra skipulags og framkvæmda.

Utan þéttbýlis

Vegagerð ríkisins er veghaldari utan þéttbýlis og er það VG.r. sem sér um að ráða veiktaka til þess verks. Bæjarverkstjórar hafa samband við VG.r. þegar ástæða er til vegna snjómoksturs utan þéttbýlis.

Þéttbýli

- Mokstur hefst á forgangi 1 eða **rauðum götum**. Í forgangi 1 felst að gera fært um helstu leiðir í þéttbýliskjörnunum. Stefnt skal að því að fært sé eftir rauðum götum sem fyrst á virkum dögum, þannig að fært sé að skólum leikskólum, slökkviliðsstöðvum, heilbrigðisstofnunum, niður að höfn, og ákveðinn öryggishring sem nýtist flestum bæjarbúum.
- Götur í forgangi 2, **Appelsínugular götur**, eru næstar í röðinni og síðan forgangur 3, **Grænar götur**, og að lokum verða götur í forgangi 4, **Gular götur**, mokaðar. Verklök á þessum tveimur verkþáttum er óviss og hafa bæjarverkstjórar frjálstræði í hvaða röð göturnar eru mokaðar.
- Göngustígar og plön, **blálituð** á korti, eru mokuð samkvæmt ákvörðun bæjarverkstjóra og skal hann hafa að leiðarljósi þörfina á mokstri á viðkomandi stöðum.
- Samhliða snjómokstri eru almenningsbílastæði í miðbænum mokuð enda gerð þeirra kostuð af sveitarfélaginu.
- Plön og heimkeyrslur við íbúðarhús og fyrirtæki eru **ekki** mokuð á kostnað sveitarfélagsins.
- Mokstur vegna öryrkja er við sérstakar aðstæður framkvæmdur samkvæmt beiðni félagsþjónustunnar.
- Reynt er að lágmarka umferð snjómoksturstækja við skóla á mesta umferðartíma barna til og frá skóla.
- Mokstur í íbúðargötum skal að jafnaði fara fram á tímabilinu kl. 06-23.
- Fjallabyggð greiðir ekki kostnað vegna snjómoksturs sem til hefur verið stofnað án samþykkis, nema ef beiðni um mokstur kemur frá lögreglu, slökkviliði, læknum eða sjúkraflutningsmönnum vegna neyðartilvika, skal þá strax sinna því. Ofantöldum er heimilt að kalla út tæki án samþykkis bæjartæknifræðings eða bæjarverkstjóra og er verktökum kunnugt um það.

Hafa ber í huga að reglur þessar eru viðmiðunarreglur og ber að líta á þær sem slíkar. Fátt er jafn breytilegt og veðurfar og snjóalög.